

ÁÆTLUN ÍSLANDSSJÓÐA HF. UM NÝTINGU ATKVÆÐISRÉTTAR

1. Tilgangur og markmið

Íslandssjóðir hf. hafa sett sér áætlun um nýtingu atkvæðisréttar á hluthafafundum þeirra félaga sem sjóðir á vegum Íslandssjóða eiga hlut í. Áætlunin tekur til verðbréfasjóða, sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta auk annarra sérhæfðra sjóða í rekstri félagsins sem eru með virka stýringu í skráðum hlutabréfum. Áætluninni er ætlað að tryggja að nýting atkvæðisréttar sem fylgir hlutabréfum sem eru í stýringu hjá Íslandssjóðum sé í þágu hagsmuna viðkomandi sjóða og fjárfesta þeirra.

Áætlun þessi er sett á grundvelli 20. gr. reglugerðar nr. 471/2014 um skipulagskröfur rekstrarfélaga og 37. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2013, sbr. reglugerð 555/2020 um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

2. Hvenær og hvernig er atkvæðisréttur nýttur?

Áhættunefnd Íslandssjóða fer með ákvörðunarvald um nýtingu atkvæðisréttar. Nefndin skal fjalla um þær tillögur sem fyrir liggja fyrir hluthafafund og taka afstöðu til þeirra út frá hagsmunum viðkomandi sjóðs. Jafnframt skal taka skal mið af stefnu Íslandssjóða um ábyrgar fjárfestingar við nýtingu atkvæðisréttar. Haldin skal skrá um niðurstöður nefndarinnar. Framkvæmdastjóri Íslandssjóða, sjóðsstjórar viðkomandi sjóðs, eða eftir atvikum aðrir starfsmenn félagsins, er heimilt að mæta til hluthafafundar fyrir hönd viðkomandi sjóðs og nýta atkvæðisrétt í samræmi við niðurstöður nefndarinnar.

Fulltrúi Íslandssjóða greiðir atkvæði á hluthafafundum að teknu tilliti til og í samræmi við hagsmuni viðkomandi sjóðs. Ekki er því þörf á að nýta atkvæðisréttinn í öllum tilvikum. Tillögur eru almennt studdar sem taldar eru til þess fallnar að auka verðmæti hlutafjár og samræmast hagsmunum sjóðanna og hlutdeildarskírteinishafa þeirra.

Fylgst er með reglubundnum hætti með tilkynningum varðandi hluthafatengda atburði svo sem hluthafafundi og aðalfundi.

3. Almennt viðhorf Íslandssjóða

Stjórnarkjör

Áhersla er lögð á að samsetning stjórnar sé með þeim hætti að reynsla, fjölbreytni, menntun og hæfni stjórnarinnar í heild henti sem best þörfum félagsins. Kynjahlutafall stjórnarmanna sé í samræmi við lögbundið kynjahlutafall. Meirihluti stjórnarmanna skal vera óháður stjórnendum félagsins og meirihluti þeirra óháður félaginu. Við mat á óhæði gagnvart félaginu er litið til viðmiða sem sett eru fram í leiðbeiningum um stjórnarhætti sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland og Samtök atvinnulífsins gefa út. Þá er áhersla lögð á að stjórnarmenn hafi ekki sýnt af sér hegðun sem kann að rýra traust þeirra og trúverðugleika og er til þess fallin að hafa neikvæð áhrif á ímynd félagsins. Stjórnarmönnum ber að sinna störfum sínum af heilindum og kostgæfni og að hafa hagsmuni félagsins og allra hluthafa þess að leiðarljósi. Ekki eru studdir stjórnarmenn þar sem fyrirséð er að hagsmunaárekstrar muni hafa í för með sér vanhæfni til ákvörðunartöku í mikilvægum málum.

Starfskjarastefna

Starfskjarastefna er á ábyrgð stjórnar félags. Hún skal sett fram í samræmi við ákvæði laga og leiðbeiningar um stjórnarhætti og skal ná til launa og annarra starfskjara forstjóra, framkvæmdastjóra og eftir atvikum annarra æðstu stjórnenda og stjórnarmanna þess. Íslandssjóðir styðja samkeppnishæf starfskjör. Ef um er að ræða árangurstengdar greiðslur er mikilvægt að slíkar greiðslur séu byggðar fjárhagslegum markmiðum og stuðli að saman fari langtímahagsmunir félagsins, hluthafanna og stjórnenda þess. Mikilvægt er að slíkar greiðslur hvetji ekki til óhóflégar áhættusækni og að þær séu í samhengi við rekstarumhverfið á hverjum tíma. Starfslokagreiðslur sem fara fram úr því sem eðlilegt má teljast í ljósi starfsumhverfis viðkomandi fyrirtækis eru ekki studdar.

Reikningsskil og kosning endurskoðenda

Íslandssjóðir gera kröfu til þess að reikningsskil viðkomandi félags séu í samræmi við lög og reglur og að birting fjárhagslegra upplýsinga séu í samræmi við reglur skipulegs markaðar. Íslandssjóðir gera jafnframt kröfu til þess að skráð félög sem fjárfest er í sinni tilkynningarskyldu sinni til skipulegs markaðar og eftirlitsaðila eftir því sem við á. Gerð er krafa um að ytri endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki sé óháð félaginu. Íslandssjóðir gera ekki athugasemdir við val á endurskoðanda nema að ástæða sé til að draga óhæði hans í efa eða að hann hafi gerst brotlegur gegn lögum og reglum í störfum sínum.

4. Tengsl við móðurfélag

Íslandssjóðir eru dótturfélag Íslandsbanka hf. Í samræmi við 6. – 8. gr. reglugerðar nr. 1267/2021, um upplýsingagjöf og tilkynningarskyldu skv. lögum nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu, skal nýting atkvæðisréttar á vegum sjóða Íslandssjóða ávallt vera sjálfstæð og óháð Íslandsbanka í samræmi við áætlun þessa.

5. Upplýsingagjöf

Áætlun þessi skal vera aðgengileg á vef Íslandssjóða. Sjóðsfélagar geta óskað eftir að fá upplýsingar um hvernig atkvæði voru greidd fyrir hönd sjóðs sem þeir voru hlutdeildarskírteinishafar í á þeim tíma þegar atkvæðagreiðslan fór fram. Fyrirspurnum ber að beina skriflega til framkvæmdastjóra Íslandssjóða. Þá er Íslandssjóðum heimilt að birta á heimasíðu sinni yfirlit um hvernig atkvæðisréttur hefur verið nýttur á hluthafafundum.

Samþykkt af stjórn Íslandssjóða 25. janúar 2022.